

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

fyrir flugvöll án eldsneytisafgreiðslu

Starfsleyfishafi: Isavia ohf., kt. 550210-0370

Starfsstöð: Vopnafjarðarflugvöllur
690 Vopnafjörður
Fastanúmer: 217-2131

Leyfið gildir frá 4. mars 2019 til 4. mars 2031

Leyfið gildir fyrir flugvöll án eldsneytisafgreiðslu ásamt stoðvirkjum, sbr. upptalning í starfsleyfisskilyrðum sem fylgja leyfi þessu.

Starfsleyfi þetta er gefið út á grunni laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.


Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, starfsemi eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstaraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað í starfsstöðinni.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Starfsleyfisskilyrði
Heilbrigðisnefndar Austurlands
vegna starfsleyfis
Isavia ohf., kt. 550210-0370
fyrir flugvöll á Vopnafirði

Leyfði gildir frá 4. mars 2019 til 4. mars 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir flugvöll án eldsneytisafgreiðslu til flugfara, flugstöðvarbyggingu, varaafsstöð, tækja- og sandgeymslu sem og neyslugeymi til áfyllinga fyrir vélar og tæki sem þjóna flugvellinum sjálfum.

Starfsleyfi þetta er gefið út á grunni laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

1. Lýsing á starfsemi og skilyrði sem gilda.

1.1. Flugstöð

Í flugstöðinni er biðsalur og innritunaraðstaða farþega, snyrtingar og ræstiaðstaða.

- Um starfsemi gildir m.a. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.

1.1.1. Almenningssalerni

Snyrtingar gesta eru tvær fyrir hvort kyn og aðgengi fyrir hreyfihamlaða á snyrtingu kvenna

- Um snyrtingar sem almenningur hefur afnot af gildir reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.
- Farið skal eftir starfsleyfisskilyrðum fyrir almenningssalerni.

1.2. Tækjageymsla, neyslugeymir fyrir olíu og varaafsstöð

1.2.1. Tækjageymsla

Í tækjageymslu er eingöngu heimild til lítilsháttar viðhalds á vélum og tækjum fyrirtækisins.

Í geymslunni er viðgerðargryfja en henni hefur verið lokað varanlega og ekki er heimild til að nota hana.

1.2.2. Varaafsstöð

Varaafsstöð er staðsett í gámi norður af flugstöðinni. Stöðin er knúin með díselolíu.

Um starfsemina gildir m.a.

- Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.
- Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Fylgiskjal 2.

1.2.3. Neyslugeymir

Neyslugeymir er fyrir litaða díselolíu til áfyllingar á tæki og vélar sem þjóna rekstri flugvallarins.

Um starfsemina gildir m.a.

- Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.
- Almenn starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi.

1.3. Mengunarvarnir fráveitu

Fráveita frá flugstöð er leidd í rotþró 3.600 l og þaðan í siturbeð. Staðsetning er norðan við flugstöð og utan öryggisgirðingar.

Affall af þaki flugstöðvar og frá tækjageymslu er heimilt að leiða í grjótsvelg eða púkk.

Um mengunarvarnir fráveitu gilda m.a.

- reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.
- reglugeð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.
- reglugerð um meðferð seyru nr. 799/2019
- Almenn starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi.

1.4. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins og viðkomandi móttökustöðvar fyrir úrgang. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinnna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um málefni úrgangs gilda:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

1.5. Almennt umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði fyrirtækisins skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

1.6. Vatnsveita

Neysluvatn er frá vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps

Um neysluvatnsveitur gilda:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti

2. Innra eftirlit

Krafa er um að á starfsstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila:

- Hreinlætisáætlun og þrifaskráning fyrir flugstöðina
- Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum.
- Skráningar og rekstrarhandbækur vegna reksturs olíumannvirkja og geyma skv. reglugerð 884/2017.
- Skráningar á mengunarslysum og viðbrögð við þeim

3. Almenn ákvæði

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Séu áformaðar breytingar sem gætu leitt til aukinnar mengunar ber að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands um áformin með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Séu breytingarnar, að mati Heilbrigðiseftirlits, líklegar til þess að auka mengun, eða mengunarhættu, skal sótt um nýtt starfsleyfi. Sbr. 18. gr. rgl. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sé mengun.

Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin fyrr ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.


Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu fánlegri tækni til að ná þeim markmiðum.

Þegar starfsemi er lögð niður skal fjarlægja tanka, gáma og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þ.a. sem minnst ummerki verði eftir. Komi í ljós mengun á svæðinu skal starfsleyfishafi láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf.

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um mengunarslys sem kunna að verða.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



4. mars 2019

ISAVIA ohf.
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir
ISAVIA ohf. vegna Vopnafjarðarflugvallar**

Umsókn um starfsleyfi fyrir Vopnafjarðarflugvöll barst frá ÍSAVIA ohf., kt. 550210-0370, dags. 8. janúar 2019. Um er að ræða umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir flugvöllinn.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Móttaka umsóknar um starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 10. janúar 2019.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 24. janúar 2019 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Sama dag voru umsækjanda og Vopnafjarðarhreppi send starfsleyfisdrögin í tölvupósti, vakin athygli á auglýsingunni og gefinn sami frestur til að gera aths. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 21. febrúar 2019

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests en frá Vopnafjarðarhreppi barst bréf dags. 25. janúar 2019 með staðfestingu á að umræddur flugvöllur væri inni í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Starfsleyfi er því hér með gefið út án breytinga frá auglýstum drögum.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

